

Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema aðili hafi aflað úrskurðar til hennar með skýrslum, er hann vissi ósannar vera. Skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum. 21. ágúst

199. gr.

Ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema hæstiréttur mæli svo.

Heimil er endurupptaka máls, þótt aðili hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

XXIV. KAFLI  
Niðurlagsákvæði.

200. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laganna um störf saksóknara ríkisins koma til framkvæmdar 1. júlí 1961.

Lögmæti aðgerða, sem fram hafa farið fyrir þann tíma, skal meta eftir eldri lögum, en aðgerðir, sem síðar fara fram, hlíta ákvæðum þessara laga.

Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið afhenda saksóknara ríkisins þau skjöl opinberra mála, sem þar eru og embætti hans varða.

*Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1961.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**AUGLÝSING**

**um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Svíþjóðar.**

83

4. júlí

Hinn 30. júní 1961 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar fyrir tímabilið 1. apríl 1961 til 31. marz 1962.

Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 4. júlí 1961.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Niels P. Sigurðsson.*